

Reykjavík, 6. apríl 2004


Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 - Reykjavík

Óbyggðanefnd hefur borist erindi háttvirtrar landbúnaðarnefndar Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn óbyggðanefndar um frumvörp til ábúðarlaga, nr. 782 og jarðalaga, nr 783.

Hlutverk óbyggðanefndar er skýrt afmarkað í 7. gr. laga nr. 58/1998, en þar kemur fram að óbyggðanefnd er ætlað það hlutverk að úrskurða um mörk eignarlanda og þjóðlendna og réttindi innan þjóðlendna.

Nefndin telur að ekki sé við hæfi að slík úrskurðarnefnd hafi afskipti af mótun lagareglna sem felast í ofangreindum lagafrumvörpum.

Óbyggðanefnd leyfir sér hinsvegar að vekja athygli landbúnaðarnefndar á 4. gr. laga nr. 58/1998 þar sem fjallað er um samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Virðist ofangreint erindi landbúnaðarnefndar fremur varða störf þeirrar nefndar, en formaður hennar er Kristján Andri Stefánsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu.



Kristján Torfason

Afrit:

Hr. skrifstofustjóri,
Kristján Andri Stefánsson,
Forsætisráðuneytinu